

56 filt-dúkur,
21. marz prjónles (hand- og vélprjónað),
bómullargarn og þráður,
lérefts- og bómullartau til heimilishalds,
skyrtur og flibbar,
hanzkar,
teygjur og bönd,
tilbúinn fatnaður,
regnfatnaður,
hitaflokskur,
rakvélablöð,
ýmsar vörur úr pressuðu stáli,
olíukyndingartæki,
landbúnaðarvélar,
garðyrkjuverkfæri,
raftæki,

húsgögn (úr tré og málm),
email-vörur,
gips,
þilplötur,
sápur, fægiefni o. s. frv.,
sótthreinsunarefni, skordýraeitur, dýra-
lyf, útsæðisblöndur, illgresiseitur,
burstavörur (hreinslætis-, fata- o. s. frv.),
vegg- og loftfóður,
lyf (lifrar-, malt-extrakt o. s. frv.),
smjör,
kartöflur,
niðursoðin mjólk,
mjólkurduft.

September 1950.

57

21. marz

AUGLÝSING

um vöruskiptasamkomulag við Sviss.

Með orðsendingum milli utanríkisráðuneytis Íslands og viðskiptadeildar at-
vinnumálaráðuneytis Svisslands, dags. 2. febrúar og 10. febrúar 1951, var fram-
lengt til 30. apríl 1951 vöruskiptasamkomulag það milli Íslands og Sviss, er gert
var í ágúst 1948, sbr. Stj.tíð. A. 33/1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 21. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

58

9. apríl

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að gefa ríkis-
stjórninni með bráðabirgðalögum heimild til þess að kaupa innanlands einn
togara, til viðbótar þeim tíu togurum, sem ríkisstjórninni hefur verið heim-
ilað að láta smíða í Bretlandi. Þar eð neyðarástand hefur skapast á Siglufirði
vegna langvarandi atvinnuleysis, taldi ríkisstjórnin óumflýjanlegt að ráð-
stafa þangað einum togara í samræmi við heimild í XVII. lið 22. gr. fjár-
laga fyrir árið 1951, en þar sem ráðstafað hafði verið öllum nýju togurum,
um, var ekki um annað að ræða en kaupa einn togara innanlands.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn berì til þess að veita ríkis- **58**
stjórninni umbeðna heimild, gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. 9. apríl
stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist:

Einnig er ríkisstjórninni heimilt að kaupa einn togara innanlands og taka til
þess nauðsynleg lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. apríl 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar.

59

25. apríl

BÓKUN

Í samræmi við 3. lið bókunar þeirrar, er undirrituð var 19. júní 1947, um vöruskipti milli Íslands og Svíþjóðar, hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Svíþjóðar orðið ásáttar um eftirfarandi ákvæði um vöruskipti á tímabilinu 1. apríl 1951 til 31. marz 1952:

1. Sænska ríkisstjórnin mun, innan takmarka þeirrar heildarupphæðar, sem ákveðin er fyrir innflutning á síld, leyfa innflutning á saltsíld, sykursaltaðri síld og kryddsíld að svo miklu leyti sem samkomulag kann að nást milli viðkomandi íslenskra seljenda og sænskra kaupenda. Hvað snertir aðrar venjulegar útflutningsvörur Íslands mun innflutningur verða leyfður á sama hátt og áður hefur tilkæpt.

2. Íslenska ríkisstjórnin mun leyfa innflutning á sænskum vörum með tilliti til þess, hvað Svíþjóð kaupir af íslenskum vörum og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

3. Samningsaðilar eru sammála um að athuga alla möguleika á auknum vöruskiptum á gildistíma þessarar bókunar

PROTOKOLL

I enlighet med mom. 3 i det den 19 juni 1947 undertecknade protokollet angående varuutbytet mellan Sverige och Island hava svenska regeringen och isländska regeringen beträffande varuutbytet under tiden 1 april 1951 — 31 marz 1952 överenskommit om följande:

1. Svenska regeringen kommer att inom ramen för gällande globalkontingent för import av sill medgiva inport av saltad, sockersaltad och kryddad sill i den mån uppgörelser kunna träffas mellan vederbörande isländska säljare och svenska köpare. Beträffande andra traditionella isländska exportvaror kommer import att medgivas i sedvanlig omfattning.

2. Isländska regeringen kommer att medgiva import av svenska varor under hänsynstagande till Sveriges import av isländska varor samt med beaktande av traditionella svenska exportintressen.

3. Båda parterna äro ense om att under detta protokolls giltighetstid undersöka alla möjligheter att genom